



STN (6 - 9 ára)

Starf meðal 6 – 9 ára barna er að byrja aftur á vegum Árbæjarkirkju. Tilgangurinn er að leyfa börnum að eiga kost á gæðastund þar sem þau fá fræðslu um kristna trú og siðgæði í gegnum leiki, sögur og söng. Auk þess höfum við stundum hressingu og spilum bingó á hvorri önn þar sem spjaldið kostar kr.100,- en annars er allt starfið foreldrum / forráðamönnum að kostnaðarlausu. Hver stund er um 45 mínútur.

Starfsmenn eru allir með menntun og reynslu í barna- og unglingastarfi og hafa sótt ýmis námskeið, t.d. “Verndum þau”.

Nú er sá háttur hafður á að foreldrar skrá börnin sín til þátttöku í gegnum netpóst, á netfangið: margret@arbaejarkirkja.is
Þau börn sem sækja frístundaheimilin koma þaðan til okkar í samvinnu við starfsfólkið þar.

Í skráningu þarf að koma fram:

Nafn barns og foreldra/forráðamanna og netföng. Einnig þarf að tilgreina á hvaða starfsstöð barnið myndi sækja starfið. Um er að ræða:

- Safnaðarheimili Árbæjarkirkju á þriðjudögum kl.14 fyrir 1. bekk
- Safnaðarheimili Árbæjarkirkju á þriðjudögum kl.15 fyrir 2. – 4.bekk
- Ártúnsskóla í tónmenntastofunni á miðvikudögum kl.15
- Selásskóla í tónmenntastofa á þriðjudögum kl.15.15
- Norðlingaskóla, í Lækjarbrekku á fimmtudögum kl.15
-

Með von um ánægjulegt samstarf og góðan vetur,

Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni

s. 697-5454

margret@arbaejarkirkja.is

